

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 18. febrúar 1969

um breytingu á tilskipun ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns

(69/60/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Tilskipun ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns er breytt eins og mælt er fyrir um í eftirtöldum greinum.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

2. gr.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breyta ber tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins frá 14. júní 1966 <sup>(2)</sup> um markaðssetningu sáðkorns.

1. Við A-hluta 1. mgr. 2. gr., á eftir orðunum „*Oryza sativa* L. hrísgrjón“, bætist orðin „*Phalaris canariensis* L. kanarígras.“

2. Við C-hluta 1. mgr. 2. gr., á eftir orðunum „speldi, rúgur“, bætist komma og orðið „kanarígras“ og á eftir orðunum „rúgur, maís“ í E-hluta 1. mgr. 2. gr.

Rétt er að bæta við bráðabirgðaráðstafanirnar og heimila notkun sáðkorna af ættliðum á undan stofnsáðkorni.

3. Í stað a-liðar E-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) sem sáð er til með stofnsáðkorni eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, sáðkorni af ættlið á undan stofnsáðkorni sem getur uppfyllt, og uppfyllir við opinbera athugun, skilyrði I. og II. viðauka fyrir stofnsáðkorn;“

Nauðsynlegt er að bæta inn í tilskipunina nýrri tegund sáðkorns og binda það lágmarksskilyrðum.

4. Í stað a-liðar F-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) sem sáð er til með stofnsáðkorni eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, sáðkorni af ættlið á undan stofnsáðkorni sem getur uppfyllt, og uppfyllir við opinbera athugun, skilyrði I. og II. viðauka fyrir stofnsáðkorn;“

Ef tilteknar tegundir sáðkorns eru að öllu jöfnu ekki framleiddar eða markaðssettar á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti að setja ákvæði, samkvæmt málsmeðferð fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt, um að leysa það ríki undan þeirri kvöð að beita ákvæðum tilskipunarinnar á umræddar tegundir.

Þegar um er að ræða sáðkorn sem uppfyllir vægari kröfur ætti að minnka ákveðnar kröfur varðandi merkingu og breyta lit merkimiðans.

5. Í stað a-liðar G-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) sem sáð er til með stofnsáðkorni eða, ef ræktunarmaðurinn fer fram á það, sáðkorni af ættlið á undan

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 108, 19. 10. 1968, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

stofnsáðkorni sem getur uppfyllt, og uppfyllir við opinbera athugun, skilyrði I. og II. viðauka fyrir stofnsáðkorn;“

7. gr.

6. Við 2. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi c-liður:

„c) á aðlögunartímabili sem varir ekki lengur en í þrjú ár eftir gildistöku laga, reglugerða eða stjórnslu-fyrirmæla sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari, og með því að víkja frá 1. mgr. E-, F- og G-hluta, vottfesta sáðkorn sem „vottað sáðkorn“ ef sáð er til þess með sáðkorni sem er undir opinberu gæðaeftirliti í aðildarríki samkvæmt gildandi kerfi og uppfyllir sömu kröfur og stofnsáðkorn sem er vottfest í samræmi við meginreglur þessarar tilskipunar. Þetta ákvæði gildir að sama skapi um „vottaða sáðkornið“ af fyrsta ættlið sem um getur í G-hluta 1. mgr.“

3. gr.

Í b-lið 1. mgr. 4. gr. falli niður orðið „maís“.

4. gr.

Í stað orðsins „vörusendingum“ í 1. mgr. 8. gr. komi „vöru-einingum“.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ekki skal loka umbúðum aftur, hvorki einu sinni né oft, nema opinberlega. Ef umbúðum er lokað aftur skal það tilgreint, ásamt deginum þegar þeim var síðast lokað aftur og yfirvaldi sem ber ábyrgð á verkinu, á merkimiða samkvæmt 1. mgr. 10. gr.“

6. gr.

Í stað b-liðar 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„b) innihaldi opinbert skjal, í sama lit og merkimiðinn, með sömu upplýsingum og eiga að vera á merkimiðanum samkvæmt 3., 4. og 5. mgr. a-liðar A-hluta IV. viðauka. Þetta skjal er óþarft ef upplýsingarnar eru prentaðar á umbúðirnar með óafmáanlegu bleki.“

Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að sáðkorn sem sáð er til með stofnsáðkorni sem er vottfest í einu aðildarríki og uppskorið í öðru aðildarríki eða þriðja landi megi vottfesta í framleiðslulandi stofnsáðkornsins hafi sáðkornið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði í I. viðauka, og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka fyrir vottað sáðkorn séu uppfyllt.

2. 1. mgr. skal gilda á svipaðan hátt um vottfestingu „vottaðs sáðkorns“ sem sáð er til með sáðkorni af ættliðum á undan stofnsáðkorni sem getur uppfyllt og sem hefur við opinbera athugun uppfyllt skilyrði í I. og II. viðauka um stofnsáðkorn.“

8. gr.

Í stað dagsetningarinnar í síðasta málslið 2. mgr. 16. gr. komi „1. júlí 1970“.

9. gr.

Í stað orðsins „dökkgulur“ í 2. mgr. 17. gr. komi „brúnn“.

10. gr.

Eftirfarandi 23. gr. a bætist við:

„23. gr. a

Samkvæmt beiðni aðildarríkis, sem farið verður með eins og kveðið er á um í 21. gr., er hægt að leysa það alveg eða að hluta til undan þeirri kvöð að beita þessari tilskipun á tiltekna tegundir, ef sáðkorn þessara tegunda eru að öllu jöfnu ekki uppskorin eða markaðssett á yfirráðasvæði þeirra.“

11. gr.

Við A-hluta 2. og 4. mgr. I. viðauka bætist við, á eftir orðinu „rúgur“, komma og orðið „kanarígras.“

## 12. gr.

1. Í stað annars málsliðar 2.mgr. II. viðauka kemur eftirfarandi:  
„Í stofnsáðkorni má eitt eintak af *Claviceps purpurea* vera í 500 g og í „vottuðu sáðkorni“ þrjú eintök eða brot af *Claviceps purpurea* í 500 g.“
2. Í stað tölunnar 5 í II. viðauka A-hluta 3. mgr., sjöunda dálki, í liðum bb og cc í a-lið og lið bb í c-lið komi talan 7.
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á sjöunda dálki í b-lið A-hluta 3. mgr. II. viðauka:
  - a) í lið aa): komi orðin „2 rauð korn“ í stað orðanna „1 rautt korn“;
  - b) í lið bb): komi talan „5“ í stað tölunnar „2“;
  - c) í lið cc): komi talan „5“ í stað tölunnar „3“.
4. Á eftir „0“ í sjötta dálki í lið aa í d-lið 3. mgr. A-hluta II. viðauka bætist við orðin „(í 250 g)“.
5. Eftirfarandi e-liður bætist við A-hluta 3. mgr. II. viðauka:

„e) Kanarígras	aa) Stofnsáðkorn	75	98	4	1	0 af <i>Avena fatua</i> , <i>Avena sterilis</i>
	bb) Vottað sáðkorn	75	98	10	5	<i>Avena ludoviciana</i> eða <i>Lolium temulentum</i>

6. Eftirfarandi C-hluti bætist við 3. mgr. II. viðauka:  
„C. Sérskilyrði um hámarksinnihald sáðkorna af tegundunum *Avena fatua*, *Avena sterilis*, *Avena ludoviciana* og *Lolium temulentum*:  
Eitt sáðkorn af *Avena fatua*, *Avena sterilis*, *Avena ludoviciana* eða *Lolium temulentum* í 500 g sýni er ekki talið til óhreininda ef næsta sýni er án *Avena fatua*, *Avena sterilis*, *Avena ludoviciana* og *Lolium temulentum*.“

## 13. gr.

1. Í stað 1. og 2. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:  
„1. „EBE-reglur og -staðlar.“  
2. Vottunaraðilar og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra.“
2. Merkimiða með upplýsingum sem krafist er samkvæmt 1. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka, samkvæmt tilskipun ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns, má þó ekki nota lengur en til 30. júní 1970.

## 14. gr.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. júlí 1969, samþykka lög og stjórnáslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara

að tilskipun þessari. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

## 15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. febrúar 1969.

Fyrir hönd ráðsins,

J. P. BUCHLER

forseti.